

frammi. Þá þykir ekki unnt að hafna þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi álitist Sigfús ölvaðan og haft nokkurt tilefni til að óttast árás af hans hálfu. Verður því að telja, að ákærði hafi, eins og á stóð, haft nægilega ástæðu til þess að veita Sigfúsi atgöngu í því skyni að handtaka hann og fjarlægja hann af almannafæri. Og þó að Sigfús hlyti fyrrgreind meiðsl í þeirri viðureign, verða þau eigi gefin ákærða að sök sem ásetnings- eða gáleysisverk. Þykir því verða að sýkna ákærða af ákærum réttvisinnar í máli þessu, og kemur þá áðurgreind skaðabótakrafa á hendur honum ekki til álita.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað málsins úr ríkissjóði.

Dráttur sá, sem orðið hefur á máli þessu, stafar af því, að réttarbókin ásamt útskrift af prófum málsins lagðist af vangæzlu dómarsans með alls óskyldum gögnum niður í nokkurs konar ruslakistu, þar sem dómaranum datt ekki í hug að leita, og kom hún fyrst fram nú eftir áramótin.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Sigurðsson, skal vera sýkn af ákærum réttvisinnar í máli þessu.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 10. apríl 1946.

Nr. 8/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Einar Arnórsson)

gegn

Hirti Magnúsi Guðmundssyni

(Hrl. Ólafur Þorgrímsson)

og

Einari Sigurjónssyni (Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur hæstaréttar.

Það er sannað í málinu, að ákærði Hjörtur Magnús Guðmundsson ók með hóflausum hraða austur Skothúsveg. Er hann ók götu þessa, hafði hann gott útsýni til Sóleyj-

argötu og átti því að sjá til ferða R 1719 í tæka tíð. Hann hélt þó miklum hraða inn á gatnamótin og missti stjórn á bílnum við áreksturinn. Hentist bíllinn síðan stjórnlaus upp á gangstétt á horni vegamótanna, varð þar vegfaranda að bana, braut þar brún af steinvegg og kastaðist síðan um 20 metra áfram upp brekku Skothúsvegur.

Ákærði Einar Sigurjónsson, er ók norður Sóleyjargötu, hafði og gott útsýni vestur um Skothúsveg, og mátti hann því einnig í tæka tíð sjá ferð R 1300. Sannað er, að hann ók með óhæfilega miklum hraða og skeytti því ekki að draga úr hraðanum og bíða, ef nauðsyn krefði vegna umferðar, er kom honum á vinstri hönd.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms þykir refsing hvors hinna ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu málskostnaðar.

Ákærði Hjörtur Magnús Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, 400 krónur, og ákærði Einar Sigurjónsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, 400 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda málsins fyrir hæstarétti, 600 krónur, greiði ákærðu in solidum.

Átelja verður, að ákærðu voru ekki þegar eftir slysið sviptir ökuleyfum sínum til bráðabirgða.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Hjörtur Magnús Guðmundsson og Einar Sigurjónsson, sæti hvor 10 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði Hjörtur Magnús Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Ólafs hæstaréttarlögmanns Þorgrímssonar, kr. 400.00. Ákærði Einar Sigurjónsson greiði málflutningslaun

skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Theódórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, Einars hæstaréttarlögmanns Arnórssonar, kr. 600.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. nóvember 1945.

Ár 1945, fimmtudaginn 1. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2380—2381/1945: Réttvisin og valdstjórnin gegn Hirti Magnúsi Guðmundssyni og Einari Sigurjónssyni, sem tekið var til dóms hinn 26. október þ. á.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hirti Magnúsi Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Skólavörðustíg 19 hér í bæ, og Einari Sigurjónssyni bifreiðarstjóra, Ásbyrgi á Selfossi í Árnessýslu, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Hjörtur Magnús fæddur 6. febrúar 1924 og Einar 11. júlí 1917. Sá fyrrnefndi hefur engum ákærum eða refsingu sætt, en sá síðarnefndi var 27. nóvember 1942 sektaður í lögreglurétti Reykjavíkur um 20 krónur fyrir brot gegn 3. mgr. 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu.

I.

Hinn 19. júlí s. l., klukkan að ganga 10 að kvöldi, rákust bifreiðarnar R 1719 og R 1300 á á gatnamótum Frikirkjuvegar, Sól-eyjargötu og Skothúsvegar hér í bænum með þeim afleiðingum, að Filippus Svavar Guðmannsson, Einholti 7, ungur piltur, hlaut bana af, og báðar bifreiðarnar skemmdust mikið. Þegar þetta gerðist, voru Filippus Svavar og Jóhann Ágúst Jóhannsson, Háteigsvegi 19, á gangi vestur nyrðri gangstétt Skothúsvegar, austan gatnamótanna, og voru komnir á horn Skothúsvegar og Frikirkjuvegar, og gekk Jóhann Ágúst lítið eitt á undan Filippusi Svavari. Meðfram gangstéttinni á þessum stað er steinsteyptur veggur.

Ákærði Hjörtur Magnús ók vörubifreiðinni R 1300 vestan Skothúsveg. Hann var að koma frá íþróttavellinum og var á leið heim. Hjá honum í stýrishúsi bifreiðarinnar sat Kjartan Sveinn Guðjónsson bifreiðarstjóri, Grettisgötu 46. Um ökuhraða R 1300 hefur

Kjartan Sveinn borið sem vitni og unnið eið að, að við Tjarnarbrúna hafi hraðinn verið minnkaður töluvert, en frá því, og þar til slysið gerðist, hafi hann ekki verið minni en 30 km, miðað við klukkustund, og hyggur hann hraðann á þessum tíma hafa verið 30—40 km, miðað við klukkustund. Ákærði Hjörtur Magnús hefur við alla rannsókn málsins neitað að skýra frá ökuhraða bifreiðarinnar, en þessa frásögn vitnisins Kjartans Sveins hefur hann talið rétta, og hefur hann talið vitnið færari en sig að áætla hraðann rétt. Kveðst hann hafa tekið að draga úr hraðanum, þegar hann var kominn austur yfir Tjarnarbrúna með tilliti til þess, að gatnamót voru framundan, en ekki sökum þess að hann tæki eftir neinu farartæki nálægt, sem varast þyrfti. Hann ók bifreiðinni í 4. gangskiptingu. Hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi. Öll vitni, er bera um ökuhraða R 1300 í þetta sinn, segja hann hafa verið mikinn. Vitnið Jóhann Ágúst Jóhannsson, sem áður er nefndur, sá R 1300 koma yfir Tjarnarbrúna, en leit af henni, þegar hún var komin rúmlega yfir brúna, og sá hana svo ekki fyrr en slysið var orðið. Meðan vitnið sá hana, segir það henni hafa verið ekið hratt, mun hraðar en tíðkast hér á götunum. Nánar getur vitnið ekki tilgreint hraðann. Vitnið Vilborg Þorgilsdóttir frú, Laufásvegi 26, var, þegar þetta skeði, á gangi vestur Skothúsveg. Rétt vestan við Tjarnarbrúna mætti vitnið R 1300, og var henni þá að sögn vitnisins ekið ákaflega hratt. Rétt eftir að vitnið mætti bifreiðinni, heyrði það hávaða aftan við sig, sem eflaust hefur stafað af árekstrinum, og sá þá bifreiðarnar, eins og þær stóðu eftir áreksturinn.

Ákærði Einar veitti R 1300 ekki athygli, fyrr en rétt í því, að áreksturinn varð, en hann telur, að henni hafi verið ekið ákaflega hratt, og honum virtist engin tilraun vera gerð til að stöðva hana eða draga úr ferð hennar. Farþegar í R 1719 voru nemendurnir Sigríður Thors, Laufásvegi 70, og Halldóra Valgerður Hjaltadóttir, Sjafnargötu 4, sem báðar hafa borið vitni í máli þessu. Þær urðu ekki R 1300 varar, fyrr en skammt var á milli bifreiðanna. Þær Sigríður, að R 1300 hafi verið ekið ákaflega hratt, en Halldóra Valgerður, að henni hafi verið ekið mjög hratt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið um ökuhraða R 1300, er sannað, að hann hefur verið meiri en leyfilegt er samkvæmt 2. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna og mun meiri en leyfilegt er hér í bænum samkvæmt lögreglusamþykkt Reykjavíkur, 46. gr., og var akstur bifreiðar þessarar mjög ógætilegur af þessari ástæðu, eins og á stóð, og hættulegur.

Ákærði Hjörtur Magnús var vel fyrir kallaður í akstri þessum og ók vinstra megin á götunni. Skýrir hann svo frá, að þegar hann átti ófarna á að gizka eina bifreiðarlengd að gatnamótum Skothúsvegur og Frikirkjuvegur, hafi hann séð R 1719 aka norður

Sóleyjargötu, kveðst ekki geta sagt um, hve hratt hún ók, en þegar hann kom auga á hana, hafi hún verið svo langt í burtu, að hann taldi sig hafa tíma til að aka yfir gatnamótin, áður en hana bæri að. Þess vegna ók hann R 1300 áfram með sama hraða og áður og var kominn meira en hálfa leið yfir Frikkirkjuveginn, þegar R 1719 ók á R 1300, þannig að framstuðari R 1719 lenti á hægri afturhjól R 1300. Þegar ákærði Hjörtur Magnús sá, að R 1719 var rétt kominn að R 1300, beygði hann stefnu R 1300 aðeins undan til vinstri, þannig að hún mun þá hafa stefnt á gangstéttina á horni Frikkirkjuveg og Skothúsveg.

Ákærði Einar ók fólksflutningabifreiðinni R 1719 norður Sóleyjargötu. Hann var að koma frá Laufásvegi 70 og leið til miðbæjarins með áðurnefnda tvo farþega, Sigríði Thors og Halldóru Valgerði Hjaltadóttur, og hafði enga ástæðu til að flýta sér sérstaklega. Hann var vel fyrir kallaður, og ekkert sérstakt varð honum til truflunar. Hraðamælir R 1719 var ónýtur, en ákærði Einar telur sig hafa ekið norður Sóleyjargötuna í þetta sinn á 15—20 mílna hraða, miðað við klukkustund, í mesta lagi 20 mílna hraða. Um það leyti sem hann tók að líta til beggja handa, þegar hann nálgast gatnamótin, gaf hann benzingjöfina upp, án þess þó að stíga af henni, en bifreiðin rann áfram með sama eða svipuðum hraða og áður þrátt fyrir þetta. Þegar hann var að koma inn á gatnamót Skothúsveg og Sóleyjargötu, kveðst hann hafa litið til vinstri vestur Skothúsveg og enga bifreið séð í nánd eða aðra þá umferð, er sér stafaði hætta af. Telur hann sig mega fullyrða, að R 1300 hafi þá ekki verið komin yfir Tjarnarbrúna. Hann leit nú til hægri og álitur, að bifreið sín hafi runnið áfram um tvær lengdir sínar, frá því hann leit af Skothúsveginum fyrir vestan sig og þar til hann heyrði hvin, sem kom frá vinstri. Hann leit þá strax til vinstri, og var þá 2—3 metra bil á milli framenda bifreiðanna. Ákærði breytti ekki stefnu bifreiðarinnar, en hemlaði strax, svo sem unnt var, en alveg í þessu hefur áreksturinn orðið, og segir ákærði framstuðarann á R 1719 hafa lent á hægri afturhjól R 1300. Þegar ákærði Einar leit til hægri rétt fyrir áreksturinn, sá hann tvo menn, þá Filippus Svavar og Jóhann Ágúst, á gangstéttinni, þar sem slysið varð, og hélt ákærði, að þeir væru á leið vestur Skothúsveg.

Vitnið Sigríður Thors ber, að R 1719 hafi verið ekið fremur hratt norður Sóleyjargötuna, en nánar treystir vitnið sér ekki að tilgreina hraðann. Þegar R 1719 var að koma að gatnamótum Skothúsveg og Sóleyjargötu, veitti vitnið R 1300 fyrst athygli, og var hún þá, að vitnið minnir, rétt komin yfir Tjarnarbrúna. Vitnið álitur, að ákærði Einar hafi ekki veitt R 1300 athygli, fyrr en á eftir vitninu, því að hann dró ekki úr hraðanum strax. Rétt áður en áreksturinn varð, varð vitnið þess vart, að R 1719 var

hemluð mjög snögglega. Framburður vitnisins Halldóru Hjaltadóttur um akstur R 1719 er mjög á sömu lund og framburður vitnisins Sigríðar Thors, og um ökuhraða 1719 segir þetta vitni, að ekið hafi verið frekar hratt og að hraðinn hafi ekki verið minnkadur, fyrr en hemlað var rétt fyrir áreksturinn.

Vitnið Baldur Kristjónsson íþróttakennari, Nönnugötu 6 í Hafnarfirði, var á gangi austur Skothúsveg, þegar slysið varð, og var þá staddur rétt austan við gatnamót Skothúsvegur og Bjarkargötu. Vitnið veitti R 1300 enga athygli, fyrr en um leið og áreksturinn varð, en sá til R 1719, þegar hún var suður undir Njarðargötu, og hafði auga á henni norður Sóleyjargötuna, en leit af henni, rétt áður en slysið gerðist. Vitninu virtist henni vera ekið óvenju hratt, eftir því sem gerist innanbæjar, og því virtist hraði hennar vera svipaður venjulegum ökuhraða á góðum vegum utanbæjar og áætla, að hann hafi verið um 40 km, miðað við klukkustund. Ekki hafði verið dregið úr hraða hennar, þegar vitnið sá hana síðast fyrir slysið. Það sem næst vakti athygli vitnisins á þessari bifreið, var hávaðinn af árekstrinum. Þenna framburð hefur vitnið, sem að vísu er eigi bifreiðarstjóri, en er vant bifreiðafærðum, staðfest með eiði.

Vitnið Kjartan Sveinn Guðjónsson ber, að þegar R 1300 hafi verið nýkomin yfir Tjarnarbrúna, hafi það séð til ferða R 1719 sunnan Sóleyjargötuna og síðan hafi það horft á þá bifreið fram að árekstrinum. Vitnið telur, að R 1719 hafi verið ekið ámóta hratt og R 1300, eftir að hraði hinnar síðarnefndu var minnkaður við Tjarnarbrúna, en áður er greindur framburður vitnisins um hann. Vitninu virtist R 1719 vera hemlað nokkru fyrir áreksturinn, og það kveðst eftir áreksturinn hafa athugað hemlaför hennar, og hafi þau þá að þess áliti verið um 6 metrar á lengd. Ákærði Hjörtur Magnús varð ekki var við R 1719, fyrr en R 1300 var um eina bifreiðarlengd frá gatnamótum Skothúsvegur og Friðkirkjuvegur, og kveðst hann ekki geta borið um ökuhraða hennar, en hann áleit sig hafa tíma til að aka yfir gatnamótin, áður en R 1719 bæri að. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, bæði framburði vitna og framburði ákærða Einars sjálfs um ökuhraða R 1719 og því, hvernig áreksturinn varð, þykir sannað, að ökuhraði R 1719 hafi verið ólöglega mikill. Samkvæmt 7. gr. 1 mgr. umferðarlaganna átti R 1300 þarna umferðarréttinn, og bar R 1719 því að bíða, meðan hún færi yfir gatnamótin, en með því að vanrækja þá skyldu og aka með ólöglegum hraða hefur ákærði Einar átt verulegan þátt í slysinu.

Skemmdir þær, sem á bifreiðunum urðu við áreksturinn, sýna, að hann hefur verið allmikill. Telur ákærði Hjörtur Magnús, að hann hafi að einhverju leyti misst stjórn á R 1300 við áreksturinn, en við hann fór hún upp á gangstéttina, þar sem Filippus Svavar,

varð fyrir henni, og vörupallur hennar rakst í steinvegginn, svo að ofan af veggnum brotnaði stykki. Síðan beygði R 1300 inn á Skothúsveg og nam staðar hægra megin á honum nokkru ofan við árekstrarstaðinn.

R 1719 beygði mjög til austurs við áreksturinn, en stöðvaðist strax að öðru leyti. Hvorugur ákærðu gaf hljóðmerki við gatnamótin. Mjög fljótt eftir áreksturinn kom lögregla á vettvang og mældi upp staðinn og athugaði ummerki. Ekki sá hún hemlaför eftir R 1300 né heldur eftir R 1719, svo nein vissa sé fyrir, enda höfðu þá bifreiðar ekið yfir slysstaðinn og menn traðkað um hann. Filippus Svavar var þegar fluttur í sjúkrahúsbifreið á Landspítalann. Hann mun hafa andast strax, og krufning leiddi í ljós, að hann hafði skaddast mjög mikið, og segir í vottorði Rannsóknarstofu Háskólans um krufninguna, að meiðslin hafi leitt svo að segja strax til dauða. Bifreiðarnar skemmdust svo mikið, að hvorugri var unnt að aka, og varð að draga þær af staðnum. Gatlögreglan því ekki reynt þær í akstri, en þær höfðu báðar þá nýlega verið skoðaðar af bifreiðæftirlitinu og reynzt í góðu standi.

Samkvæmt framansögðu hafa báðir hinir ákærðu gerzt brotlegir við 9. gr., 26. gr. og 27. gr. 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 2. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaganna, og ákærði Einar auk þess við 7. gr., 1. mgr., sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Dauði Filippusar Svavars Guðmannssonar stafaði af gáleysi beggja hinna ákærðu, og hafa þeir því gerzt brotlegir við 215. gr. hegningarlaganna.

II.

Um kl. 12.50 sama dag og nefnt slys varð, ók Hallgrímur Sæmundsson, 19 ára skólapiltur, Lindargötu 23, á reiðhjóli austur Hverfisgötu. Skýrir hann svo frá, að þegar hann kom að mótum Hverfisgötu og Hringbrautar, hafi hann hjólað úti undir vinstri gangstétt og í hægara lagi. Þegar hann kom á gatnamótin, ók R 1300, sem ákærði Hjörtur Magnús stýrði, fram úr honum á talsvert meiri hraða en venjulegur er hér á götunum og þverbeygði fyrir framan hann til vinstri inn á Hringbrautina, án þess að draga úr hraðanum. Hallgrímur hemlaði strax reiðhjólið, en pallur bifreiðarinnar rakst í hægri öxl hans, svo að hann datt á götuna og meiddist litillega á hægri fæti, og framhjólíð fór undan reiðhjólinu. Ákærði ók að málningarverksmiðjunni Hörpu, þar sem hann vann, og þangað fór Hallgrímur á eftir honum og náði tali af honum. Kannaðist ákærði þá eigi við, að bifreiðin hefði snert Hallgrím, en hann lagfærði reiðhjólíð. Ákærði gaf eigi hljóðmerki við gatnamótin, og Hallgrímur kveðst eigi hafa séð hann gefa neina bendingu um, hvert hann myndi beygja. Ákærði kveðst hafa ekið nefnda leið og séð Hallgrím á hjólinu. Hann kveðst ekki hafa ekið hraðar en lög leyfa, hafa gefið merki um, að hann ætlaði að

beygja til vinstri með því að rétta vinstri höndina út um glugga bifreiðarinnar og ekki hafa beygt inn á Hringbrautina, fyrr en hann taldi bifreiðina vera komna fram fyrir hjólreiðarmanninn. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að hjólreiðarmaðurinn yrði fyrir bifreiðinni, fyrr en hann sagði honum það á eftir við málningarverksmiðjuna, og lagaði ákærði þá reiðhjólið. Ákærði kveðst hafa stigið af benzínjöfinni, nokkru áður en hann kom að gatnamótunum, en ekki hafa hemlað, fyrr en hann hafði lokið að beygja.

Vitnið Sigurjón Guðmundsson verkamaður, Laugavegi 103 A, var í þetta sinn á gangi austur Hverfisgötu skammt frá árekstrarstaðnum og sá til ferða R 1300 og hjólreiðarmannsins og herbifreiðar, sem ók á eftir R 1300. Skýrir vitnið svo frá, að Hallgrímur hafi hjólað mjög hægt úti við vinstri gangstétt, en R 1300 hafi verið á a. m. k. 30 km hraða, miðað við klukkustund. Við gatnamótin hafi R 1300 þverbeygt fyrir manninn til vinstri inn á Hringbraut, án þess að draga úr hraðanum, og hafi henni síðan verið ekið áfram. Þegar bifreiðin beygði, rakst maðurinn í vörupall hennar aftanverðan og féll á götuna. Er hann stóð upp, nuddaði hann hægri fót sinn, og við árekstur þenna fór framhjólíð úr reiðhjólinu. Vitnið sá ákærða gefa bifreiðarstjóra herbifreiðarinnar merki með hendinni um, að hann ætlaði að beygja inn á Hringbraut, en þegar ákærði gaf merki, hafi hann ekki verið kominn frammeð hjólreiðarmanninum, svo að hann hafi eigi getað séð merkið. Þenna framburð hefur vitnið staðfest með eidi. Vitnið Gunnar Bjarnason bifreiðaviðgerðarmaður, Hringbraut 67, var á gangi norður Hringbraut nálægt árekstrarstaðnum, þegar þetta gerðist. Það sá bifreiðina aka af Hverfisgötu inn á Hringbraut, og virtist hún vera á drjúgri ferð, ca. 25—30 km hraða, miðað við klukkustund, og ekki draga úr hraðanum á beygjunni. Vitnið sá hjólreiðarmanninn ekki fyrr en eftir áreksturinn. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði hafi í þetta skipti ekið of hratt og ógætilega, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 26. og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 2. sbr. 14. gr. umferðarlaganna.

Loks lenti ákærði Hjörtur Magnús á R 1300 þenna sama dag í smávægilegum árekstri við tvær bifreiðar á gatnamótum Lindargötu og Vatnsstigs, en ekki bar þessa árekstra þannig að, að ákærða sé sök á gefandi.

III.

Refsing ákærða Hjartar Magnúsar fyrir framangreind brot þykir með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Refsing ákærða Einars fyrir framangreind brot þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Með brotum sinum hafa ákærðu sýnt svo stórkostlegt gáleysi

við bifreiðaakstur, að rétt þykir að svipta þá ökuleyfi ævilangt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, ákærða Hjört Magnús frá 2. júlí s. l. að telja.

Ákærði Hjörtur Magnús greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00, og ákærði Einar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs Lindals, kr. 400.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Hjörtur Magnús Guðmundsson og Einar Sigurjónsson, sæti hvor 6 mánaða fangelsi og eru sviptir bifreiðastjóra-réttindum ævilangt, Hjörtur Magnús frá 2. júlí s. l. að telja.

Ákærði Hjörtur Magnús greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00, og ákærði Einar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs Lindals, kr. 400.00, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. apríl 1946.

Nr. 40/1944. **Guðmundur Ólafsson** (Hrl. Einar Arnórsson)
gegn

Guðmundi Sigmundssyni

(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1944. Krefst hann þess, að honum verði heimilað að taka til sinna nota húsnaði það, stofu og svefnherbergi ásamt herbergi með baði og hreinlætistækjum, sem stefndi hefur á leigu á stofuhæð húss áfrýjanda, Garðastræti 13 A, gegn því, að stefndi fái í staðinn húsnaði það, eitt herbergi með aðgangi að baði og salerni, sem áfrýjandi hefur